

Nýjar aðstæður krefjast nýrra viðhorfa. Við lifum orðið á þannig tímum að það er ekkert lengur til sem heitir á morgun.

Við teljum enga nauðsyn að sýna fram á að við séum ægilega flink að teikna, að við getum gert hinar ótrúlegustu sjónhverfingar á léreftinu.

LIST — LIST — LIST — LIST — LIST — LIST

Markaðsgildið

AHJ: „Í þessu sambandi er líka rétt að spyrja sig þeirrar spurningar hvað valdhafarnir vilji fá út úr listinni. Hvað segir fertugur sýningargestur á Kjarvalsstöðum um gildi listarinnar? Hvað vill hann út úr henni? Svarið er undantekningarlaust markaðsgildið. Það er heila málið. Fólk vill geta verðlagt listina. Það vill geta sagst eiga gott listaverk vegna þess að það hafi kostað svo mikið.

Þetta á ekki hvað síst við um valdhafana. Í þeirra augum er listin ekki lifandi mál, sem stöðugt er að þróast og byltast, heldur er listin í skilningi þeirra aðeins tryggur gjaldmiðill og ekkert annað. Valdamegnir safna að sér öllum katalógunum, öllum upplýsingunum um tíu bestu ellegar mest seldu listamenn hvers tíma og mæla gildi listarinnar út frá slíkri vitneskju.

Þeim hinum sömu er hins vegar skítsama um lifandi list og líta hana ekki augum vegna þess einfaldlega að það er ekki búð að verðleggja hana.

Þetta viðhorf kemur vel fram í orðum manns nokkurs sem skrifaði í eitt dagblaðanna um daginn:

„Því fleiri sem leggja stund á list þeim mun erfiðara er það fyrir almenning að átta sig á hverjir eru listamenn og hverjir ekki og hverjir eru betri en aðrir. Auðvitað ætti það að vera hlutverk gagnrýnenda að auðvelda fólki að greina þarna á milli...“

... hvers vegna láta menn svona þvælu út úr sér? Af hverju göngum við ekki bara að listaverkinu og filum það og tökum þátt í því, í stað þess að vera dæma það og verðleggja sýknt og heilagt...?“

AI: „Meinið í skoðunum þessa manns sem þú vitnar til er að hann skoðar listina og gefur henni gildi út frá líönnum tíma. Hann horfir á listina með augum gærdagsins en áttar sig ekki á því að listin er alltaf púls samtímans. Hún lýsir því sem er að gerast og túlkar þær tilfinningar sem eru til staðar akkúrat hér og nú. Listin er það sem hún er hverju sinni, hvorki það sem hún var né verður.

Þess vegna verður að skoða hana og meta út frá samtímanum og þeim viðhorfum sem í honum ríkjá. Það er ekki hægt að dæma nýja list á gömlum forsendum. Þetta á við um músíkina, ljóðlistina, myndlistina og alla þá kúnt sem unga fólk er að fást við í dag. Þar er verið að túlka samtímann, tilfinningar og viðhorf dagsins í dag. Og þar gildir flingurinn og aktívitetið. Þetta köllum við nýja list vegna þess að hún byggir á nýjum forsendum. Með okkar kynslóð eru komnir nýir og ferskir straumar inn í listsköpun nútímans — ný viðhorf í listinni sem að mörgu leyti eru í andstöðu við það sem áður hefur verið gert — og til þess að meta og dæma þessa list er aðeins ein leið: Menn verða að fíla ástandið og finna ástæður þess að listin er einmitt túlkun svona en ekki öðruvísi og komast jafnframt að því hvað það er sem knýr ungt listafólk til þess að haga verkum sínum á þann hátt sem það gerir.“

KS: „Það viðhorf er líka komið fram hjá okkur unglitafólkinu að listin eigi eingöngu að þjóna okkur sjálfum og okkar hvötum en ekki einhverjum dæmum úr gömlum skólabókum þar sem listin er skilgreind sem góð eða vond list. Í okkar huga á listin að túlka það umhverfi, þá aksjón og það líf sem við sjálf lifum og hræumst í en ekki það umhverfi sem akademískir fræðingar bjuggu við.“

Ný lífsviðhorf

PK: „Við erum að stokka spilin upp. Við erum að breyta og bylta, ekki endilega breytinganna vegna heldur miklu fremur vegna þess að ný lífsviðhorf eru komin fram. Nýjar aðstæður krefjast nýrra viðhorfa. Við lifum


orðið á þannig tímum að það er ekkert lengur til sem heitir á morgun. Þetta viðhorf er orðið strekktaasti punkturinn í lífsskoðunum okkar og jafnframt listinni sem við erum að stunda.

Því er slagkrafturinn, þessi expressjónska upplifun hjá okkur unga listafólkinu þessi: Við erum til, við erum á lífi og við viljum sýna fram á það með listinni. En til þess þurfum við ekki neina tæknilega hugarleikfimi. Við teljum enga nauðsyn að sýna fram á að við séum ægilega flink að teikna og móta, að við getum gert hinar ótrúlegustu sjónhverfingar á léreftinu. Þvert á móti er þetta aðeins spurning um að opna sig og veita tilfinningum sínum útrás, leyfa þeim að njóta sín í sköpunargleðinni af því einfaldlega að við erum til og við hugsum.“

GOM: „Filingurinn að skapa er númer eitt en hvernig sköpunin fer fram og hvert hún leiðir skiptir aftur á móti engu máli. Til þess eru okkur allir vegir færir.“



Valgarður Gunnarsson myndlistarmaður.



Anton Helgi Jónsson skáld.

Málverkið var það eina sem raunverulega var heilagt. Við erum ekki að mála eins og oliufélagsmenn. Við erum að ráðast á málverkið. Þetta er aggresjón, ekki punt fyrir miðaldra borgara, heldur minnisvarðar um lífið.“

AHJ: „Við getum til dæmis séð hvernig þetta nútímavíðhorf í listinni snýr að skáldskapnum. Á síðustu árum hefur verið mikið um það að ungt fólk hefur safnað saman ljóðunum sínum og labbað upp í næstu prentsmiðju og látið fjölríta hugverkin og gefið sjálft út. Það hefur verið ofboðslega mikið

um þetta og mikil gerjun og líf umhverfis þessa starfsemi.

En hvernig líta bókmenntastofnanir á þetta framtak skáldanna? Það fólk sem byggir viðhorf sín á gömlum forsendum segir: Maður getur ekki fylgst með lengur. Það er svo mikið flæði, svo margir sem gefa út, miklu fleiri en áður, eitthvað er skrítíð þetta og örugglega er þetta eitthvað vont... og svo framvegis. Þarna er verið að miða út frá Einari Benediktssyni, innbundnum og gullslegnum uppi í hillu, og öðrum úrvals-skáldum aldamótatímans þegar ekki nema fáir áttu þess kost að gefa út bækur. Þessir gagnrýn-

endur — menningarelitán sem situr uppi í snotrum filabeinsturni — gerir sér ekki grein fyrir því að nú eru nýir tímar, nú er aksjón og líf og tækifæri til að láta sér finnast ekkert sjálfsgðara en að þrykkja viðhorf sín á blað og leyfa öðrum að skoða. Þessu gerir menningarelitán sér ekki grein fyrir, eða vill það ekki. Á meðan streyma á markaðinn ljóðabækur þar sem skoðanir heillar kynslóðar eru á ferðinni. Og þessar bækur fara víða — því ljóðkver seljast í fjölda eintaka ef höfundar hafa nennu til að ganga á milli fólks og selja — því þrátt fyrir allt er til fólk sem þorir að fíla samtímalist, þó

Filingurinn að skapa er númer eitt, en hvernig sköpunin fer fram og hvert hún leiðir skiptir engu máli. Til þess eru okkur allir vegir færir.

— LIST — LIST — LIST — LIS

reynt sé að innprenta því að list unga fólksins sé bara stundargaman, tilraunir sem ekkert gildi hafa. En við erum hér og nú.“

Nýr lífs-tilgangur

AI: „Í framhaldi af þessu langar mig til að fjalla aðeins um ástæðu þess að svo margt ungt fólk finnur sig í listinni sem raun ber vitni. Eg hef þá skýringu á því að ákveðið tilgangleysi hafi gripið um sig hjá ungu fólki. Okkar kynslóð sér ekki lengur neinn tilgang í að vinna tíu til fjórtán tíma á dag, hún sér enga ástæðu til að hegða sér þannig, fara þannig með sig.

Við horfum á kynslóðina sem óx úr grasi næst á undan okkur — foreldra okkar — sem brátt fer að komast á elliheimili. Þetta er fólk sem alla ævi hefur slitið sér út við vinnu og aftur vinnu. Og þegar nú fyrst er farið að hægjast eitthvað um hjá því þá situr það ekki uppi með annað en slitið bak, kannski íbúð, en fyrst og fremst vonbrigði yfir því að hafa ekki leyft sér að njóta lífsins meira og oftast en það gerði. Það erum við — börn þessa fólks — sem erum fyrsta kynslóðin sem á raunhæfa möguleika til að njóta lífsins. Við höfum alist upp í allsnægtum og höfum ekki þurft að vinna tíu til fjórtán tíma á dag fyrir matnum ofan í okkur. Þess vegna höfum við komist að því, með skirskotum til lífnaðarháttá foreldra okkar, að það er engin nauðsyn og ekkert vit í því að slíta sér út og þræla. Við þurfum þess einfaldlega ekki. En í stað vinnunnar sem tilgangs spyrjum við, þessi nýja kynslóð, um annan tilgang með lífinu, annan en að þræla við tilbreytingarsnaud störf. Við spyrjum um tilgang lífsins að lifa...“

GOM: „Í fáum orðum sagt. Við viljum lifa til að vinna en ekki vinna til að lifa. Og þetta líf okkar viljum við fá að túlka á okkar eigin hátt.“

VG: „Og auðvitað erum við leitandi í þessari túlkun, við erum einmitt leitandi að tilganginum sem Árni var að tala um áðan. En við viljum jafnframt fá að stjórna þessari leit okkar sjálf, við viljum fá að gramsa á þeim stöðum sem okkur sjálfum þykja heitir...“

KSJ: Í framhaldi af þessu er skemmtilegt að hugsa til þess fólks sem hefur sótt þetta festival okkar á Gullströndinni. Þetta er almenningur úti í bæ en það er með hann, rétt eins og okkur, að hann er í einhverri leit líka. Og ástæðan er sennilega sú að þetta fólk finnur að það þarf að fá eitthvað meira að sjá en bara vinnustaðinn, videóið og svefnbökkinn. Og það kemur hingað og hvað finnur það? Jú, eitthvert líf, eitthvert óþrungnið andrúmsloft sem það kann að meta.“

BM: „Maður finnur líka á þessu fólki að það hefur lengi beðið eftir einhverju svona afslöppuðu festivali eins og Gullströndinni. Það hefur greinilega lengi langað til að svona happening kæmist í framkvæmd en kannski ekki þorað að impra á því vegna gamalla fordóma í garð nýlistar.“

KSJ: „Og svo virðist jafnvel sem þessir fordómar séu á undanhaldi. Það sést á þesum breiða hópi fólks sem kikt hefur hingað inn að skilningsleysið í garð nýlistaverka sé ekki eins ríkjandi og áður. Þetta held ég að hljóti að vera merki hinnar veraldlegu kreppu: Í örvæntingu sinni leiti fólk eitthvað annað en áður, til dæmis hingað til okkar þar sem það finnur eitthvað sem það fær út úr.“

Ekkert yfirvald

AHJ: „Eg þykist líka hafa tekið eftir að það kemur hingað fólk, bæði ungt og eldra, sem ekki er vinir gömlu menningarinnar. Þetta er fólk sem er ekki vikulega að fara á Kjarvalsstaði eða Norræna.

Hérna er hins vegar í gangi einhvers